

Fundargerð

4. fundur Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps

miðvikudaginn 7. júní 2017 kl. 14.00

Fundarstaður: Félagsheimilinu Tjarnarlundi

Mættir eru: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Prúður Kristjánsdóttir, fulltrúar Félags eldri borgara, Eyþór Jón Gíslason og Ingveldur Guðmundsdóttir, fulltrúar Dalabyggðar, Sandra Rún Björnsdóttir og Vilberg Þráinsson, fulltrúar Reykhólahrepps, María Játvarðardóttir félagsmálastjóri Reykhólahrepps og Inga Vildís Bjarnadóttir félagsmálastjóri Dalabyggðar.

Formaður bauð alla velkomna og setti fundinn.

Rætt var um fjölda funda á ári, ákveðið að halda þrjá fundi á ári og láta fundarstaðinn rúlla milli sveitarfélaga.

1. Farið yfir ályktun fundarins frá 7. september.

Jóna Valgerður fór yfir ályktunina

Heimsendur matur í sveitum: Inga Vildís og María vita ekki dæmi þess að heimsendur matur fari út í sveitir, enda erfitt að koma því við.

Málin eru í þokkalegu standi, fólki býðst að fara á hjúkrunarheimilin og kaupa mat þar.

Í Búðardal er enginn að nýta það að fá heimsendan mat. Dalakot sér um mötuneytið og samið verður við Pálma í Dalakoti ef þess þarf um að selja mat út frá heimilinu.

Félagsstarf – í Búðardal er kominn starfsmaður í félagsstarfið. Félagið fær rútu frá Búðardal þegar félagsstarfið er í Saurbæ eða Reykhólum. Ekki er akstur frá Reykhólum í félagsstarfið í Búðardal.

Fasteignaskattar - viðmiðunarmörkin voru hækkuð hjá báðum sveitarfélögum.

2. Núverandi þjónusta sveitarfélaganna við eldri borgara – yfirlit

Sjá lið 1. Einnig er boðin aðstoð við þrif á heimili viku-eða hálf mánaðarlega í báðum sveitarfélögum hjá þeim sem þurfa. Vegna veikinda vantar starfsfólk í það í Reykhólahreppi.

3. Hvað er hægt að bæta?

Akstur fyrir eldri borgara í Reykhólasveit til og frá félagsstarfi í Búðardal yfir veturinn. Vilberg ætlar að skoða málið. María nefndi Erling Jónsson, hann ætti bíl sem tekur ca 7 manns og sem hann er að gera upp. María ætlar að heyra í Erlingi og athuga þetta.

4. Húsnæðismál og hjúkrunarheimilin

Eypór fór yfir húsnæðismálin, nýju lögin virka ekki alveg eins vel og vonast var til. Þau gera ráð fyrir því að sveitarfélögin stofni félag sem byggir hús og leigir út.

Það vantar húsnæði í Búðardal og vinna í gangi með að skoða möguleikana.

Annað sem hægt er að gera er að byggja nýja álmu á hjúkrunarheimilið og útbúa 3-4 íbúðir í annarri af núverandi álmum. Þetta er ekki lausn sem nýtist á morgun, þetta tekur fleiri ár. Búið er að teikna og fara með teikningar til ráðherra.

Framkvæmdasjóður aldraðra nefndur, ekki enn búið að opna fyrir umsóknir á þessu ári.

Vilberg fór yfir málin varðandi Barmahlíð, verið er að gera þarfagreiningu og teikna heimilið upp með tilliti til núverandi reglugerða um aðbúnað á hjúkrunarheimilum. En þó með þeim fyrirvara að rýmum fækki ekki. Mikið er búið að gera við lagfæringar á lóð Barmahlíðar og áfram er unnið að því.

Inga Vildís spyr um aðgengi til gönguferða, hvort einhverjir bekkir séu á gönguleiðum. Þrúður segir frá því að það er góð aðstaða við Silfurtún þar er líka þúttvöllur.

Í Búðardal eru nokkrir bekkir og haft hefur verið samráð við eldri borgara um staðsetningu á þeim.

Á Reykhólum eru bekkir sem Vínafélag Barmahlíðar gaf í fyrra sumar. Þeir eru með reglulegu millibil við Barmahlíð og við nýju göngustígana á lóð Barmahlíðar. En það vantar fleiri bekki annars staðar í þorpinu, t.d. fyrir þá sem ganga Reykhólahringinn.

Félag eldri borgara á boccia sett sem var notað reglulega áður fyrr en er ekki notað í dag. Á Reykhólum er líka til boccia sett í Barmahlíð og það er notað af heimilisfólkinu þar. Ekki eru skipulagðir gönguhópar á Reykhólum eins og í Búðardal. Heimilisfólk í Barmahlíð fer þó reglulega í gönguferðir með iðjuþjálfra eða öðru starfsfólki.

Inga Vildís og María vildu koma á framfæri að heimaþjónustan er gjaldfrjáls bæði í Dalabyggð og Reykhólahreppi og það er ekki svoleiðis alls staðar. Þetta eru útgjöld fyrir sveitarfélögin sem ekki er rukkað á móti.

Eypór vildi koma því á framfæri varðandi starfsmanninn í félagsstarfinu í Búðardal, að nú þarf að fara að skoða hvað hann á að gera mikið og hverju hann á að sinna. Það þarf að huga að því hvernig starfið á að vera, búa til starfslýsingu fyrir starfsmanninn. Til þess að hann viti til hvers er ætlast af honum. Þrúður nefndi að starfsmaðurinn mætir í félagsstarfið og hefur samráð við stjórnina, er til staðar og aðstoðar. Rætt var um að Eypór og Ingveldur hafi samband við stjórn félagsins og fari yfir málin saman. Tekið er fram að almenn ánægja er með störf starfsmanns félagsstarfsins.

Öldungaráð Dalabyggðar og Reykhólahrepps samþykkti ályktun sem sjá má hér fyrir neðan og er henni vísað til sveitarstjórna og Félags eldri borgara til umfjöllunar.

Áætlað er að halda næsta fund í lok sumars, lok ágúst eða byrjun september.

Formaður þakkaði fundarmönnum góðan fund og sleit fundi kl.15.45.

Ályktun Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps til viðkomandi sveitarstjórna og Félags eldri borgara samþykkt á fundi ráðsins 7. júní 2017.

Vel hefur tekist til með ráðningu starfsmanns fyrir félagsstarfið í Búðardal og lýsum við yfir ánægju með það. Við viljum benda á að koma þyrfti á akstursþjónustu frá Barmahlíð í félagsstarf Félags eldri borgara sem fram fer vikulega í Rauða-kross húsinu í Búðardal yfir veturinn. Aðrir utan Barmahlíðar gætu þá einnig nýtt sér það.

Til þess að auka samveru og félagsstarf í Reykhólahreppi þyrfti að stofna sérstakan Reykhólahóp innan Félags eldri borgara til að ná til fólks í Reykhólahreppi, sem ekki sækir félagsstarfið í Búðardal að jafnaði. Við beinum því til FEBDOR að huga að því næsta vetur. Þá þyrfti jafnframt að vera húsnæði fyrir hendi á Reykhólum fyrir slíka samveru sem væri utan Barmahlíðar og jafnframt að starfsmaður í félagsþjónustu Reykhólahrepps væri þar til aðstoðar. Hugsanlega mætti nýta húsnæði Hlunninda-og bátasýningar að einhverju leyti.

Sveitarfélögin þurfa að bjóða upp á íbúðir fyrir aldraða í nálægð hjúkrunar- eða dvalarheimilanna. Tvær slíkar íbúðir eru í Búðardal en engin á Reykhólum. Kanna þyrfti hver þörf er fyrir slíkt húsnæði. Við beinum því til sveitarstjórna að halda áfram að skoða þau mál og sjá til þess að í boði séu slíkar íbúðir samkvæmt þörf. Við minnum á skyldu sveitarfélaganna í því efni samkvæmt 4. lið 13. gr í lögum um málefni aldraðra nr 125/1999 þar sem rætt er um þjónustuíbúðir aldraðra. Einnig kemur það fram í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr 40/1991 39.gr. --- „að leitast skal við að tryggja framboð á hentugu húsnæði fyrir aldraða „---.

Fasteignaskattar geta verið þungur baggi á eldra fólki til að búa áfram í eigin húsnæði. Afsláttur sveitarfélaga af fasteignasköttum sem miðaður er við tekjur, er til bóta en ekki nægilegur. Sveitarfélög þurfa að koma því að í lagasetningu Alþingis að heimilt sé að fella niður fasteignaskatta til eldri borgara sem búa í eigin húsnæði. Hægt er að beita sér fyrir því á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ritari: Sandra Rún Björnsdóttir